

# 254. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 13. SEPTEMBER 2016 KL 9:30

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Tillaga sálfræðistofunnar Líf og sál um skipun þriggja manna starfshóps. Einar Gylfi Jónsson kemur til fundarins kl. 9:30.
3. Kirkjuþing 2016. Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings er boðaður og gert ráð fyrir að hann komi til fundarins kl 10.  
Tillögur laganefndar kirkjuþings um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, um breytingu á starfsreglum fyrir kirkjuráð og um starfsreglur fyrir biskupsstofu.
  - a. Kynning löggjafarnefndar, formaður löggjafarnefndar Steindór Haraldsson.
  - b. Kirkjutónlistarráð, breyting á starfsreglum á þann veg að í ráðinu sitji fimm manns í stað þriggja eins og nú er.
  - c. Mál kirkjuráðs, skýrsla kirkjuráðs og skýrsla um fjármál kirkjunnar o.fl.
  - d. Mál biskups: Samkirkjustefna, sameining prestakalla o.fl.
4. Fjármál
  - a. Fundargerð fjármálahóps.
  - b. Drög að hálfársuppgjöri biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs. Framkvæmdastjóri og aðalbókari kynna uppgjörið.
  - c. Bréf til ríkisvaldsins varðandi efndir á kirkjujarðasamkomulaginu (drög voru unnin með Gesti Jónssyni)
  - d. Sameiningar sókna.
  - e. Guðbrandsstofnun, erindi frá formanni stjórnar, Solveigu Láru Guðmundsdóttur vígslubiskupi varðandi styrkveitingu.
5. Fasteignir
  - a. Deiliskipulag Þingvallavegar. Framkvæmdastjóri kynnir erindi umhverfissviðs Mosfellsbæjar og Lágafellssóknar um breytingu á deiliskipulagi og framkvæmdir við Mosfellskirkju.
  - b. Borg á Mýrum. Erindi prófasts vesturlandsprófastsdæmis varðandi úttekt þegar hann hverfur úr embætti og greiðslur fyrir landbætur.
  - c. Lagning ljósleiðara. Erindi sveitarfélagsins Skagafjörður varðandi lagningu ljósleiðara til Glaumbæjar. Samþykkt að ljósleiðari verði lagður í samræmi við stefnu kirkjuráðs í málaflokknum. og að Kirkjumálasjóður greiði heimtaugagjald að fjárhæð kr. 300.000.

6. Húsaleigusamningur Biskupsstofu og samkomulag um þjónustukaup kirkjuráðs af Biskupsstofu. Lagt fram á 248. fundi en þá frestað. Staða mála tekin.
7. Bókhald Skálholtsstaðar. Staða málsins kynnt. Framkvæmdastjóri kynnir.
8. Fyrirspurn Gísla Gunnarssonar varðandi heimsþing lúterska heimssambandsins. Magnea Sverrisdóttir mun mæta á fundinn.
9. Umsókn ÆSKP um styrk vegna fræðslu á landsmóti Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar 2017.
10. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Einar Karl Haraldsson varamaður í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

Þá sátu fundinn undir 2. lið Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur og Sveinbjörg Pálsdóttir skrifstofu-og mannauðsstjóri og undir 4. lið Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen aðalbókari Biskupsstofu.

Gísli Gunnarsson vék af fundi undir lið 5c.

---

## 2. TILLAGA SÁLFRÆÐISTOFUNNAR LÍF OG SÁL UM SKIPUN ÞRIGGJA MANNA STARFSHÓPS

---

Einar Gylfi Jónsson fylgdi eftir tillögu sálfræðinganna. Rætt var um hugsanlega samsetningu slíks starfshóps en ekki tekin ákvörðun um skipan hans, hins vegar var samþykkt að framkvæmdastjóri kirkjuráðs vinni að samantekt úr Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, dags. 12. febrúar 2016 sem unnin var að beiðni kirkjuráðs og kynnt á fundi í Háteigskirkju þann 19. febrúar 2016. Samantektin verði lögð fyrir næsta fund kirkjuráðs og þá tekin umræða um hugsanlega skipan starfshóps.

---

## 3. KIRKJUÞING 2016

---

Forseti kirkjuþings kvaðst ekki geta mætt til fundarins þar eð hann yrði staddur erlendis fundardaginn..

a) *Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga.*

Stefán Magnússon sem situr í löggjafarnefnd gerði grein fyrir tillögunni. Samþykkt að vísa tillögunni til frekari umfjöllunar á októberfundi kirkjuráðs með það að leiðarljósi að hann vísi henni til umfjöllunar og afgreiðslu á kirkjuþingi 2016.

Lögð var fram beiðni frá formanni löggjafarnefndar Steindóri Haraldssyni um aukafjárveitingu til nefndarinnar upp á kr. 1.000.000,- Beiðnin var samþykkt.

b) *Tillaga um breytingu á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.*

Tillagan lögð fram til kynningar. Forseta falið að kanna hvar vinna kirkjutónlistarráðs við heildarendurskoðun á starfsreglum um kirkjutónlist er stödd.

- c) *Mál kirkjuráðs, skýrsla kirkjuráðs og skýrsla um fjármál kirkjunnar o.fl.*  
Skýrslurnar verða unnar undir verkstjórn framkvæmdastjóra og drög þeirra lögð fyrir októberfund kirkjuráðs.
- d) *Mál biskups: Samkirkjustefna, sameining prestakalla o.fl.*  
Biskup reifaði málin.

---

#### 4. FJÁRMÁL

---

- a. *Fundargerð fjármálahóps.*  
Fundargerð fjármálahóps lögð fram.  
Sr. Elínborg Gísladóttir kynnti fundargerð fjármálahópsins.
- b. *Drög að hálfársuppgjöri biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs.*  
Framkvæmdastjóri og aðalbókari kynntu uppgjörið.
- c. *Bréf til ríkisvaldsins varðandi efndir á kirkjujarðasamkomulaginu*  
Drög bréfsins lögð fram. Samþykkt að forseti kirkjuráðs undirriti bréfið fyrir hönd kirkjuráðs og sendi það forsætis-, fjármála- og efnahags- og innanríkisráðuneyti.
- d. *Sameiningar sókna.*  
Kirkjuráð vill vinna að sameiningu sókna með því m.a. að kanna möguleika þess að jöfnunarsjóður komi með auknum hætti að sameiningu sóknanna með fjárhagslegum stuðningi.
- e. *Guðbrandsstofnun, erindi frá formanni stjórnar, Solveigu Láru Guðmundsdóttur vígslubiskupi varðandi styrkveitingu.*  
Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2017.

---

#### 5. FASTEIGNIR

---

- a. *Deiliskipulag Þingvallavegar.*  
Erindi umhverfissviðs Mosfellsbæjar og Lágafellssóknar um breytingu á deiliskipulagi og framkvæmdir við Mosfellskirkju lagt fram.  
Erindi Mosfellsbæjar varðandi hringtorg á Þingvallavegi skv. útfærslu 3 samþykkt. Einnig samþykkt að veita Lágafellssókn umbeðna heimild til að brúa gilið milli kirkju og kirkjugarðs. Að lokum samþykkt beiðni sóknarnefndarinnar um stuðning við erindi þess efnis að Vegagerðin standi að gerð heimreiðar milli kirkju og prestseturs, vegtengingu yfir gilið milli kirkju og nýs kirkjugarðs að Mosfelli ásamt bifreiðastæðum í samræmi við c lið 8. gr. vegalaga. Allar samþykktirnar eru háðar því skilyrði að viðunandi samningar náist við hlutaðeigandi aðila, bæjaryfirvöld og Vegagerðina um fjármögnun og þátt Vegagerðarinnar í framkvæmdum þeim sem sóknarnefndin hefur fyrirhugað að standa að samkvæmt erindi sínu til kirkjuráðs.

b. *Borg á Mýrum. Erindi prófests Vesturlandsprófastsdæmis varðandi úttekt þegar hann hverfur úr embætti og greiðslur fyrir landbætur.*

Samþykkt að verða við því erindi prófestsins að úttekt fari fram á landbótum í embættistíð hans þegar hann lætur af embætti.

c. *Glaumbær - Lagning ljósleiðara.*

Erindi sveitarfélagsins Skagafjörður varðandi lagningu ljósleiðara til Glaumbæjar.

Samþykkt að ljósleiðari verði lagður í samræmi við stefnu kirkjuráðs í málaflokknum og að Kirkjumálasjóður greiði heimtaugagjald að fjárhæð kr. 300.000.

---

## 6. ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI KIRKJUMÁLASJÓÐS OG BISKUPSSTOFU

---

Húsaleigusamningur milli kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu og samkomulag um þjónustukaup milli þessara aðila voru lagðir fram á 248. fundi en þá frestað. Staða mála tekin.

Málin rædd, kirkjuráð stefnir að því að í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir kostnaði beggja aðila vegna samrekstrar og þjónustukaupa.

---

## 7. BÓKHALD SKÁLHOLTSSTAÐAR

---

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með Ríkisendurskoðun. Fram kom að niðurstaða hans yrði lögð fyrir stjórn Skálhóltsstaðar. Einnig kom fram að á fundi stjórnarinnar hinn 31. ágúst s.l. hefði málið verið tekið fyrir og þar ályktað að ekkert væri því til fyrirstöðu að flytja prókúruna þó færsla bókhaldsins verði áfram á Biskupsstofu. Kirkjuráð samþykkir fyrir sitt leyti þá skipan mála.

---

## 8. FYRIRSPURN GÍSLA GUNNARSSONAR

---

Fyrirspurn lögð fram um Heimsping Lúterska heimssambandsins, svo og skriflegt svar við henni.

Magnea Sverrisdóttir fulltrúi í stjórn Lúterska heimssambandsins mætti á fundinn og kynnti sambandið.

---

## 9. UMSÓKN ÆSKÞ UM STYRK

---

Erindi ÆSKÞ varðandi umsókn um styrk vegna fræðslu á Landsmóti Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar 2016 lagt fram. Kirkjuráð samþykkti erindið og lét með samþykktinni fylgja leiðbeiningu um að hyggilegt væri að huga vel að kynningarmálum vegna mótsins.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

a. *Kópavogskirkja.*

Boð barst frá sr. Sigurði Arnarsyni um að kirkjuráð komi í Kópavogskirkju til að skoða aðstæður í kirkjunni vegna nýlegs bruna í rafmagnstöflu kirkjunnar. Vísað til fjármálahóps.

b. *Staðastaður.*

Fram kom fyrirspurn um stöðu sóknarprests en upplýst var að hann hefði ekki fasta búsetu á staðnum. Fram kom að málið væri til skoðunar hjá biskupi.

c. *Fundargerð síðasta fundar.*

Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður óskar eftir að eftirfarandi verði fært til bókar kirkjuráðs:

*Á síðasta fundi kirkjuráðs 16. ágúst sl. var tekin á dagskrá í upphafi fundar dagskrárliður sem ekki var á auglýstri dagskrá og ekki var fyrirséð að þyrfti að ræða. Ekki var heldur leitað eftir samþykki ráðsins fyrir því að málið yrði tekið á dagskrá. Þetta eru ámælisverð vinnubrögð og ekki í samræmi við starfsreglur og góða fundarsiði.*

d. *Langholtssókn – ráðning organista.*

Málið kynnt og rætt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 15.34.

Næsti fundur er áætlaður 18. október 2016 sem er viku seinna en upphaflega var gert ráð fyrir.

---

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,  
forseti kirkjuráðs.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Einar Karl Haraldsson.